



Birgir Haraldsson
Sjóðstjóri



Davíð Stefánsson
Sjóðstjóri

Umfjöllun sjóðstjóra

Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði eilítið í ágúst og ekki var jafn mikill munur í verðbreytingum milli mismunandi atvinnugreina og landa líkt og hefur verið á þessu ári. Segja má að markaðir séu nokkuð óvissir um framhaldið sem sést best í því að þau hlutabréf sem eru að hækka meira eða minna en almennar vísitölur breytast nokkuð ört milli vikna.

Allt bendir til þess að enduroppnun hagkerfa í hinum vestræna heimi sé nokkuð kraftmikil og þá hafa uppgjör fyrirtækja verið afar góð og horfur almennt góðar. Lág birgðastaða og grænir sprotar í nýjum lánnum gefa ágætis fyrirheit um framhaldið. Á hinn bóginn er ljóst að hægst hefur á vexti í Kína. Nýjar reglur eru að þrengja að stórum fyrirtækjum þarlendis og risavaxin fasteignafélög berjast í bökkum sem hefur leitt til þess að fasteignamarkaðurinn hefur misst kraft.

Þá er ljóst að neysla á heimsvísu er við efri mörk, t.d. er vöruneysla í Bandaríkjunum u.þ.b. 10% yfir þeim gildum sem væri nú ef vöxturinn sem átti sér stað fyrir COVID19 hefði haldið áfram (og COVID19 aldrei átt sér stað). Tilfærsla á neyslu úr vörum og yfir í þjónustu er byrjuð og er líkleg til að halda áfram.

Vöruneysla er líklegast í ósjálfbærum gildum og líkleg til að færast nær leitnivexti sem var fyrir COVID19. Ef slíkt mun eiga sér stað er líklegt að pressan á virðisæðjur muni byrja að ganga til baka að einhverju leyti. Þá gæti slíkt breyting í neyslu sett þrýsting á uppgjör ákveðinna fyrirtækja.

Væntingar markaðarins um hagvöxtu eru nú hóflegar. Eins og svo oft áður getur brugðið til beggja vona og því mikilvægt að hafa opinn huga. Stærstu atriðin sem munu ákvarða framvindu efnahagsmála eru líklegast aðstæður í Kína, hvort útlánavöxtur taki við sér innan stærstu hagkerfa heims að nýju og að hve miklu leyti neysla mun færast nær eðlilegri gildum. Þessi atriði munu þannig ákvarða hvers konar eignir og hlutabréf munu skila góðri ávöxtun.

Áhættutaka sjóðsins er sem fyrr að langmestu leyti innan erlendra markað sem hafa mikinn seljanleika. Stýring sjóðsins er ávallt sveigjanleg og því getur stýring breyst ef forsendur breytast. Kjarninn í stýringu sjóðsins er öguð áhættustýring með markmiði um að skila jákvæðri ávöxtun (yfir a.m.k. eitt ár) óháð markaðsaðstæðum og seljanleiki eigna því lyklatríði í virkri stýringu sjóðsins.

Helstu upplýsingar

| | |
|----------------------------|---------------------------------------|
| Rekstrarform | Fjárfestingarsjóður |
| Stofnár | 2017 |
| Rekstraraðili | Akta sjóðir hf. |
| Stærðsjóðs | 15.267 m.kr. |
| Áhættuflokkun | 4 af 7 |
| Sjóðstjórar | Davíð Stefánsson Birgir Haraldsson |
| Gjaldmiðill | ISK |
| Lágmarkskaup | 10.000 kr. |
| Sölutímabil | 9:00 - 12:00 |
| Gengisuppreikningur | Daglega |
| Uppgjör | T+2 |
| Skráning | Rafrænt hjá VS |
| Auðkenni | AKTAALVIDRA |
| ISIN | IS0000029072 |

Þóknanir og gjöld

| | |
|---|----------------------------|
| Innlausnargjald | 0 kr. |
| Afgreiðslugjald | Skv. gjaldskrá vörsluaðila |
| Umsýsluþóknun | 1,0% |
| Gengismunur | 1,0% |
| Viðmið | Depo + 1,0% |
| Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Sí + 1,0% álag | |
| Árangurstengd þóknun | 15% |

Ávöxtun eftir mánuðum*


| | Jan. | Feb. | Mar. | Apr. | Mai | Jún. | Júl. | Ágú. | Sep.* | Okt. | Nóv. | Des. | Árið |
|-------------|--------|------|------|------|------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------------|
| 2017 | | | | | | | | | (2,1%) | 1,9% | 1,2% | (0,4%) | 0,6% |
| 2018 | 3,1% | 0,5% | 1,5% | 0,1% | 1,3% | 2,8% | 0,1% | 1,8% | 0,5% | 0,7% | (2,0%) | 1,3% | 12,3% |
| 2019 | 1,9% | 1,5% | 3,2% | 3,1% | 2,1% | (0,9%) | (0,1%) | (1,6%) | (1,2%) | 0,6% | 2,5% | 0,5% | 12,1% |
| 2020 | 2,4% | 0,9% | 3,5% | 2,0% | 0,2% | 2,0% | 1,8% | 3,5% | (4,4%) | (0,3%) | 5,7% | 2,6% | 21,5% |
| 2021 | (0,6%) | 4,5% | 1,8% | 2,3% | 0,5% | 1,2% | 0,1% | 0,9% | | | | | 11,1% |

*Sjóðurinn hóf starfsemi 8. september 2017


Stærstu útgefendur

| Útgefandi | Samtals | Þ.a. hlutabréf |
|-------------------------------|---------|----------------|
| Ríkissjóður Íslands | 15,6% | 0,0% |
| SPDR Health Care ETF | 14,0% | 14,0% |
| Vanguard Health Care ETF | 9,7% | 9,7% |
| iShares Biotechnology ETF | 8,2% | 8,2% |
| Nasdaq 100 Framtíðarsamningar | 6,9% | 6,9% |
| Íslandsbanki hf. | 5,2% | 5,2% |
| iShares MSCI Brazil ETF | 5,0% | 5,0% |
| Akta SK1 | 3,5% | 0,0% |
| Facebook | 3,4% | 3,4% |
| Iceland Seafood hf. | 2,1% | 2,1% |

Eignasafn (%)



Gjaldmiðlaskipting (%)






Birgir Haraldsson
Sjóðstjóri



Davíð Stefánsson
Sjóðstjóri

Uppsöfnuð ávöxtum frá stofnun*



| Fjárfestingarheimildir | Vægi | Erlent |
|-------------------------------------|--------|--------|
| Ríkistryggð skuldabréf og víxlar | 0-100% | 0-80% |
| Skráð skuldabréf og víxlar | 0-100% | 0-50% |
| Skráð hlutabréf | 0-70% | 0-35% |
| Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða | 0-70% | 0-70% |
| Hlutd. skírteini AIF sjóða | 0-60% | 0-60% |
| - Þar af fjárfestingasjóðir | 0-60% | 0-60% |
| - Þar af fagfjárfestingasjóðir | 0-20% | 0-20% |
| Óskráð hlutabréf | 0-15% | 0-5% |
| Óskráð skuldabréf og víxlar | 0-15% | 0-5% |
| Innlán fjármála fyrirtækja | 0-50% | 0-30% |
| Peningamarkaðsgæningar | 0-20% | 0-20% |
| Skortsala skráðra verðbréfa | 0-20% | 0-20% |
| Afleiður | 0-70% | 0-50% |

Um sjóðinn

Akta Alviðra er fjárfestingasjóður sem hefur það að markmiði að nýta þau tækifæri á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu.

Fjárfestingarheimildir - sjóðurinn hefur m.a. heimildir til að fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum, skuldabréfum og sjóðum.

Virk stýring - mikil áhersla er lögð á hreyfanleika þar sem brugðist er skjótt við breyttum aðstæðum. Sjóðstjórar mynda sér skoðun eftir ítarlega greiningarvinnu og leggja mat á væntingar og markaðsaðstæður. Beitt er virkri stýringu með það að markmiði að skila fjárfestum betri ávöxtun en vextir á viðskiptareikningum innlánastofnana hjá Seðlabanka Íslands (depo) auk 1% álags. Sjóðurinn hentar vel fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt á fjármálamörkuðum til lengri tíma með virkri stýringu. Gengi sjóðsins getur sveiflast töluvert.

Fyrirvari

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði og lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vakin er sérstök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

Markaðsáhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda.

Lausafjárahætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma

Rekstraráhætta: Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum fjármálafyrirtækja: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremisviðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Stjórn málaáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.

*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísibending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útbodslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðsluskatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.